

## **Stjórnarfundur Prentsöguseturs 12.11.2020**

**Fundarstaður:** Prentsögusetur, Laugavegur 29, 101 Reykjavík, kl 11:00

**Mætt:** Haukur Már Haraldsson, Tryggvi Þór Agnarsson, Grímur Kolbeinsson. Þór Agnarsson, og Hjörtur Guðnason.

### **Dagskrá fundar:**

1. Fundargerð síðasta fundar kynnt og borin upp .
2. Staða fjármála félagsins.
3. Styrkir.
4. Skálholt.
5. Önnur mál.

### **1. Fundargerð síðasta fundar:**

Engar athugasemdir voru gerðar við síðustu fundargerð.

### **2. Staða fjármála:**

Gjaldkeri tjáði okkur að til væri rekstrafé í ca 4-5 mánuði, en fjárhagsnefnd er að vinna í að fá fyrirtæki til að styrkja okkur og í framhaldi á að reyna að fjölga félagsmönnum.

### **3. Styrkir:**

Við höfum ekki fengið svar frá Landsbanka um styrk en fengið smástyrk frá Samtökum Sunnlenskra sveitarfélaga, sem mun fara í byrjun á hönnum og val á sýningagripum. Ennfremur hefur verið sótt um styrk til Mennta- og menningarráðuneytisins og Fjárlaganefndar til frágangs á húsnæðinu á Skálholti.

### **4. Skálholt:**

Staðan er óbreytt og ekki verið byrjað fyrr en einhverjir styrkir koma og Kirkjuráð samþykkir.

### **5. Önnur mál:**

Tryggvi sagði að huga þyrfti að framtíð Gömlu prentsmiðjunnar því að ljós er að byggt verður nýtt hús að Laugavegi og því verðum við að yfirgefa núverandi húsnæði fyrr en síðar. Voru menn sammála að þessu þyrfti að huga að.

Grímur stakk uppá að styrktaraðilar fengu línu á heimasíðu þar sem þeirra yrði getið, tóku menn vel í það.

Fram kom að Fréttabréf Prentsöguseturs var sent félagsmönnum í stafrænni útgáfu, en einnig prentað í 100 eintökum.

Fundi slitið 11:43

